

Nd.

566. Frumvarp til laga

[255. mál]

um breyting á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

1. ml. 2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Í húsnæðismálastjórn eiga sæti sex menn, þar af fimm kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi og einn skipaður af félagsmálaráðherra samkvæmt tilnefningu Landsbanka Íslands.

2. gr.

Í stað orðanna „50 milljónum króna“ í upphafi 4. mgr. A-liðs 8. gr. laganna komi: 70 milljónum króna.

3. gr.

Við C-lið 8. gr. laganna bætist:

Meðaltalsársvextir allt lánatímabilið skulu þó, að meðtalinni þóknun veðdeildar, aldrei vera hærri en 7¼%. Viðbót sú, sem fellur til á afborganir samkvæmt þessum staflið, telst vextir.

4. gr.

2. mgr. 15. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra skipar stjórn verkamannabústaða í sveitarfélaginu. Í stjórn þessari eiga sæti fjórir menn, sem skipa skal þannig: Tveir eftir tilnefningu sveitarstjórnar, einn eftir tilnefningu verkalyðsfélaga í sveitarfélaginu og einn án tilnefningar, sem jafnframt skal vera formaður stjórnarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Kjörtímabil stjórnarinnar skal vera fjögur ár.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Alþingi kys húsnæðismálastjórn þegar eftir gildistöku laganna, sbr. 1. gr., og fellur þá niður umboð núverandi húsnæðismálastjórnar. Jafnframt skipar ráðherra stjórnir verkamannabústaða, sbr. 4. gr., en umboð núverandi stjórnarmanna verkamannabústaða fellur þá niður.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Að óbreyttum ákvæðum laganna um viðbót á ársgreiðslur lána, sem svarar helmingi þeirrar hækkunar, sem verður á kaupvísitölu, sbr. C-lið 8. gr., er fyrirjáanlegt, að raunvextir verða með tímanum óhæfilega háir. Fyrir því er lagt til í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, að takmarka vextina við meðaltalsársvexti allt lánatímabilið, þannig að þeir verði ekki hærri en 7½% að viðbættri þóknun til Veðdeildar Landsbankans, sem er ¼%, sbr. 3. gr. frumvarpsins. Þessi regla þýðir það, að vextirnir verða mjög lágir í byrjun lánstímans, einmitt á þeim tíma, sem greiðslugeta þeirra, sem byggt hafa, er oftast mjög takmörkuð. Vextir verða á hinn bóginn tilsvarendi hærri einhvern tíma síðar á lánstímanum, þegar ætla má, að skuldarar hafi meiri greiðslugetu, þar eð byggingarskuldir hvíla þá væntanlega ekki eins þungt á þeim.

Reynslan hefur leitt í ljós, að takmörkun í 4. mgr. A-liðs 8. gr. laganna, sem kveður á um, að ekki megi verja meira en 50 milljónum króna árlega til lánveitinga til kaupenda eldri íbúðarhúsa, er of þröng. Er því lagt til, að verja megi allt að 70 milljónum króna til slíkra lána.

Loks þykir ástæða til að fækka fulltrúum í húsnæðismálastjórn úr 8 í 6, sbr. 1. gr. frumvarpsins, og fulltrúum í stjórnnum verkamannabústaða úr 7 í 4, þar eð fjölmennar stjórnir eru jafnan nokkuð þungar í vöfum og þar að auki kostnaðarsamar.